

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

Sandslundur.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti 5. júlí 2022 deiliskipulag Sandslundar.

Um er að ræða deiliskipulag fyrir svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029. Skipulagssvæðið er um 11 ha og liggur milli Sandsár norðanverðrar og vestan við aðkomuveg að Sandi. Innan svæðisins eru 6 lóðir, uppbygging er hafin á tveimur lóðum og fjórar lóðir eru óbyggðar. Land skipulagssvæðis er fremur flatt og að hluta til á ræktuðum túnnum. Heimilað verður að byggja upp til fastrar búsetu á svæðinu í samræmi við aðalskipulag um uppbyggingu íbúðarhúsa og tengdra bygginga, sem ekki tengjast búrekstri viðkomandi jarða á landbúnaðarsvæðum.

Í gildi er deiliskipulag á svæðinu frá árinu 2005 og verður það fellt úr gildi við gildistöku þessa skipulags.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Kjósarhreppi, 26. ágúst 2022.

Sigurður H. Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 12. september 2022